

Mál nr. 283/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartyggingar byggingarstjórans

Ágreiningur um bótaskyldu vegna frágangs fasteignar að Valheiði 18 Hveragerði, sem M keypti á árinu 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 07.07. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótaskyldu vegna frágangs fasteignar M sbr. umfjöllun fyrirliggjandi gagna.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í bréfi til nefndarinnar.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Fyrirliggjandi matsgerð dómkvaðds matsmann, dags. 25.08. 2008, hefur ekki verið hnekk.

Þess ber að geta að R mætti á matsfund 12.08. 2008.

Í ofanritaðri umfjöllun er ekki tekin afstaða til bótafjárhæðar eða greiðslu kostnaðar. Vátryggingafélagið hafnaði því að nefndin fjalli um bótafjárhæð sbr. 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 16. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.